

31

12. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „sýslunefnd Árnassýslu“, „sýslusjóður Árnassýslu“ og „sýslunefnd“ kemur alstaðar í lögnum í viðeigandi föllum: hreppsnefnd Eyrarbakka-hrepps, hreppssjóður Eyrarbakka-hrepps og hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

32

12. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Úr fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli niður orðin: „enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jakob Möller.